




ÁRSSKÝRSLA GILDIS - LÍFEYRISSJÓÐS 2010



ÁRSSKÝRSLA GILDIS - LÍFEYRISSJÓÐS 2010



EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns	4
Stjórn	6
Starfsmenn	7
Iðgjöld	8
Lífeyrir	9
Lán til sjóðfélaga - úrræði vegna greiðsluerfiðleika	10
Tryggingafræðileg staða	11
Verðbréfamarkaðir 2010	12
Horfur á mörkuðum	17
Fjárfestingarstefna	18
Fjárfestingar	18
Verðbréfaeign	19
Yfirlit yfir stærstu fjárvörsluaðila sjóðsins	20
Ávöxtun	22
Gjaldeyrísáhætta	22
Afkoma - óvissupættir	23
Fulltrúaráðsfundir	23
Séreignardeild	24
Endurskoðunarnefnd	25
Heimasíða - sjóðfélagavefur	25
Hluthafastefna	26
Samskipta- og siðareglur	26
Ársreikningur	29
Selected Financial Information	57

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Í fyrsta skipti frá árinu 2007 er Gildi að skila jákvæðri raunávöxtun, en hrein raunávöxtun samtryggingardeildar var 1,4% á árinu 2010 og hrein nafnávöxtun 4%. Raunávöxtun séreignadeilda var á bilinu 4,2% til 6,9%. Fjárfestingakostir sjóðsins hafa verið fremur fábrottnir undanfarin ár, aðallega ríkisskuldabréf og innlán. Í dag erum við hins vegar að sjá fleiri kosti, s.s. í veðskuldabréfum, skuldabréfum fyrirtækja og ýmiskonar kauptækifæri í rekstrarvænlegum fyrirtækjum. Mjög mikilvægt er að samhliða því sem lífeyrissjóðir koma að endurreisn atvinnulífsins séu það markmið um ávöxtun og áhættu sem ráði ákvörðunum um fjárfestingar.

Á undanförunum mánuðum hafa lífeyrissjóðirnir komið að umræðu um margskonar framkvæmdir á vegum ríkisins, s.s. framkvæmdir við nýjan Landspítala og vegafamkvæmdir af ýmsum toga. Þar má nefna vegabætur Suðurlandsvegur og Vesturlandsvegur, en misskilnings hefur gætt um að lífeyrissjóðir hafi gert kröfu um innheimtu á svokölluðum vegatollum. Hið rétta er að lífeyrissjóðirnir hafa verið tilbúnir að lána til slíkra framkvæmda en hafa litið svo á að það væri á borði stjórnvalda að finna út hvernig fjár til endurgreiðslu væri aflað.

Frá síðasta ársfundi hefur verið unnið að eflingu eignastýringar Gildis og starfsmönnum fjölgað. Stjórn og starfsmenn hafa verið samstíga um mikilvægi þess að efla sérstaklega þann þátt í starfsemi sjóðsins, það sé einn af lærdómum bankahrunsins sem okkur beri að líta til. Auk vinnu við fjárfestingarstefnu hefur verið lögð sérstök áhersla á gerð formlegrar áhættustefnu fyrir eignastýringu sjóðsins. Stjórn og starfsmenn hafa við þá vinnu notið liðsinnis utanaðkomandi sérfræðinga. Þá hefur sjóðurinn notið þess að hafa mjög virka endurskoðunarnefnd sem bent hefur stjórnendum, starfsmönnum og endurskoðendum á ýmislegt sem betur megji fara.

Í dag eru gerðar mun meiri kröfur til stjórnenda innan lífeyriskerfisins. Fjármálaeftirlitið gerir auknar kröfur um hæfi stjórnarmanna og þekkingu. Ég tel að þetta sé af hinu góða en við eigum þá að gera það með þeim hætti að við byggjum upp þekkingu meðal stjórnarmanna og tryggjum að kröfurnar verði ekki til þess að fæla fólk úr hinu félagslega umhverfi frá ábyrgðarstöðum innan lífeyriskerfisins.

Þá er verið að efla eftirlit með lífeyriskerfinu. Eftirlit Fjármálaeftirlitsins er mun virkara en áður og bæði innri skoðunarmenn og ytri endurskoðendur hafa skerpt á vinnulagi sínu samhliða því sem endurskoðunarnefndin er mjög virk.

Gildi hefur verið fullur þátttakandi í aðgerðum til aðstoðar sjóðfélögum sem lent hafa í greiðsluerfiðleikum vegna lána. Framanaf var tiltölulega fámennur hópur í skuldavanda en fjölgað hefur í hópnun eftir því sem liðið hefur lengri tími frá falli bankanna. Leitað hefur verið allra leiða til þess að mæta þeirri erfiðu stöðu sem margir glíma við. Sjóðurinn er aðili að samkomulagi lífeyrissjóða, fjármálaþyrirtækja og Íbúðalánasjóðs um aðlögun fasteignalána í þágu yfirveðsettra heimila.



Fyrir ársfundi sjóðsins liggja tvær tillögur sem varða réttindi sjóðfélaga. Annars vegar til lækkunar áunninna réttinda um 4,5% og hins vegar til hækkunar lífeyrisgreiðslna og framtíðarréttindaávinnslu um sama hlutfall. Hækkunin byggir á framlagi sem sjóðurinn fær greitt vegna mikillar örorkubyrði. Þetta þýðir að engar breytingar verða á lífeyrisgreiðslum sjóðfélaga. Eftir þessar breytingar er tryggingafræðileg staða sjóðsins neikvæð um 5,5% þegar litið er til heildarskuldbindinga.

Gildi og Virk endurhæfingarsjóður hafa gert með sér samkomulag sem miðar að því að hjálpa einstaklingum aftur út á vinnumarkaðinn. Forvarnastarf, sem Virk stendur að með sjúkrasjóðum stéttarfélaganna og vinnustöðum og miðar að því að búa til úrræði og leiðir fyrir einstaklinga til þess að fóta sig aftur inn á vinnumarkaðinn, er að skila árangri. Fyrir okkur í Gildi skiptir þetta samkomulag verulegu máli og við væntum mikils af þessu samstarfi til þess að forða fólki frá því að lenda á örorku. Örorkubyrðin hjá Gildi er með því mesta sem gerist innan lífeyriskerfisins. Á því eru eðlilegar skýringar. Í okkar röðum er fólkið sem vinnur erfiðisvinnu til sjós og lands sem oft leiðir til missis starfsgetu. Hér erum við komin með leið sem getur hjálpað okkur til að koma til móts við félaganna okkar með raunhæfum úrræðum.

Hægt og örugglega er sjóðurinn að vinna sig út úr þeim vanda sem varð við fall bankanna 2008. Þessi tími hefur verið lífeyriskerfinu erfiður og margt verið óljóst um afskriftapörf kerfisins. Hægt og bítandi höfum við verið að greiða úr flækjunni sem kemur m.a. fram í skýrari efnahagsreikningi þótt enn séu ófrágengin mál eins og gjaldmiðlasamningarnir og vandamál vegna gjaldeyrishafta.

Fyrir hönd stjórnar sjóðsins vil ég færa starfsmönnum, sjóðfélögum og atvinnurekendum mínar bestu þakkir fyrir gott samstarf á árinu.

Sigurður Bessason,
stjórnarformaður Gildis - lífeyrissjóðs



STJÓRN

Stjórn sjóðsins er skipuð átta mönnum. Fjórir eru kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi og fjórir af stjórn Samtaka atvinnulífsins. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamanna þeirra.

Eftirtaldir skipa stjórn sjóðsins til ársfundar 2011:

Sigurður Bessason, formaður
Vilhjálmur Egilsson, varaformaður
Friðrik J. Arngrímsson
Guðmundur Ragnarsson
Heiðrún Jónsdóttir
Hermann Magnús Sigríðarson
Sigurrós Kristinsdóttir
Sveinn Hannesson

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Hún setur sjóðnum fjárfestingarstefnu og skal fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun og starfsemi sjóðsins. Meðal þess sem stjórnin fjallar um eru ákvarðanir um fjárfestingar, breytingar á samþykktum, eftirlit með fjárfestingum, mótun innra eftirlits og lánareglur sjóðsins. Stjórnin skiptir með sér verkum, þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og stéttarfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn. Samkvæmt samþykktum sjóðsins skulu stjórnarmenn ekki sitja lengur en 8 ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn.

Á starfsárinu voru haldnir alls 24 stjórnarfundir.



Mynd af stjórn Gildis tekin 8. apríl 2011. Standandi frá vinstri: Vilhjálmur Egilsson, Hermann Magnús Sigríðarson, Sveinn Hannesson, Friðrik J. Arngrímsson og Guðmundur Ragnarsson. Sitjandi frá vinstri: Heiðrún Jónsdóttir, Sigurður Bessason og Sigurrós Kristinsdóttir.

STARFSMENN



23 starfsmenn störfuðu hjá sjóðnum í apríl 2011. Á myndinni sem var tekin 8. apríl sl. eru:

Standandi frá vinstri:	Starfssvið
Árni Guðmundsson	Framkvæmdastjóri
Örn Arnþórsson	Skrifstofustjóri
Guðmundur Bergþórsson	Eignastýring
Ingileif Kristinsdóttir	Aðalbókari
Valgerður Hanna Hreinsdóttir	Lífeyrismál
Nanna Þórarinsdóttir	Afgreiðsla/móttaka
Þórhallur Ásbjörnsson	Eignastýring
Örn Guðnason	Deildarstjóri lífeyrisdeildar
Krísturín Sigurðardóttir	Gjaldkeri
Anna Rúnarsdóttir	Bókhald
Davíð Rúdólfsson	Forstöðumaður eignastýringar
Ólafur Arason	Forstöðumaður tölvu- og upplýsingakerfa
Sitjandi frá vinstri:	
Bjarney Sigurðardóttir	Deildarstjóri séreignardeildar
Kristín Pétursdóttir	Skráning iðgjalda
Ásbjörg Hjálmarsdóttir	Afgreiðsla/móttaka
Guðrún Jónsdóttir	Lífeyrismál
Áslaug Jónsdóttir	Skráning iðgjalda
Guðrún Inga Ingólfssdóttir	Eignastýring
Friðgerður Friðriksdóttir	Innheimta iðgjalda
Á myndina vantar:	
Anna Lis Hjaltadóttir	Deildarstjóri iðgjaldadeildar
Guðrún K. Sigurðardóttir	Deildarstjóri lánadeildar
Jóhanna Erla Þorvaldsdóttir	Innheimta iðgjalda
Sigurborg Reynisdóttir	Innheimta iðgjalda



IÐGJÖLD

Alls greiddu 38.206 sjóðfélagar hjá 3.955 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins á árinu 2010. Heildariðgjöld voru 11.226 milljónir króna. Sjóðfélagar með réttindi í árslok voru samtals 181.127. Fjöldi réttihafa í séreignardeild sjóðsins var í árslok 35.603.

Iðgjöld á árinu 2010 voru 3,6% hærrí en iðgjöld ársins 2009. Þrátt fyrir færri greiðendur á árinu 2010 en árinu 2009 hækka iðgjaldgreiðslur til sjóðsins og má að stærstum hluta skýra það með auknum greiðslum frá sjómönnum sem greiða til sjóðsins.

Iðgjöld til sjóðsins á árinu 2010 voru að lágmarki 12% af heildarlaunum. Launþegar greiddu 4% og atvinnurekendur 8%. Ýmsir kjarasamningar þeirra stéttarféлага sem aðild eiga að sjóðnum kveða síðan á um hærra framlag eða allt að 15,5%. Allir launamenn greiða iðgjöld frá 16 ára aldri til 70 ára aldurs.

Iðgjöld áráanna 2009 og 2010 eftir aldri iðgjaldagreiðenda



LÍFEYRIR

Lífeyrisgreiðslur ársins 2010 námu 7.782 milljónum króna og lækkuðu um 1,4% á milli ára. Lækkun lífeyrisgreiðslna á sér skýringu í því að á árinu 2010 voru réttindi sjóðfélaga og þar með greiðslur til lífeyrisþega lækkuð um 7,0%. Lífeyrir sem hlutfall af greiddum iðgjöldum var 69,3% en var 72,7% á árinu 2009. Lífeyrir sem hlutfall af hreinni eign var 3,2% en var 3,5% á árinu 2009.

Fjöldi lífeyrisþega

Lífeyrisþegar á árinu 2010 voru 17.223 og þar af fengu 2.304 greidda fleiri en eina tegund lífeyris. Skipting á milli einstakra lífeyristegunda var sem hér segir:

	2010	2009	Breyting milli ára
Ellilífeyrir	10.373	9.999	+ 3,8%
Örorkulífeyrir	3.986	3.914	+ 1,8%
Makalífeyrir	1.794	1.780	+ 0,8%
Barnalífeyrir	1.070	1.160	- 7,7%
Samtals:	17.223	16.853	+ 2,2%

Lífeyrisgreiðslur

	2010	2009	Breyting milli ára
Ellilífeyrir	4.561.823.177	4.362.296.362	+ 4,6%
Örorkulífeyrir	2.268.638.582	2.331.631.468	- 2,7%
Makalífeyrir	560.044.837	547.955.405	+ 1,9%
Barnalífeyrir	89.516.205	97.418.738	- 8,1%
Samtals:	7.480.022.801	7.339.301.973	+ 1,9%

Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild Gildis voru alls 288 milljónir króna á árinu 2010 en voru allmikið hærrí árið 2009 eða 533 milljónir vegna tímabundinnar útgreiðslu séreignarsparnaðar sem hófst það ár. Gildi - lífeyrissjóður greiddi einnig lífeyri fyrir hönd Umsjónarnefndar eftirlauna til 86 sjóðfélaga eða maka látinna sjóðfélaga, samtals 14,4 milljónir króna á árinu 2010.



LÁN TIL SJÓÐFÉLAGA – ÚRRÆÐI VEGNA GREIÐSLUERFIÐLEIKA

Sjóðfélagalán

Á árinu 2010 voru veitt 82 ný lán til sjóðfélaga, samtals að upphæð 361 milljón króna. Mikill samdráttur hefur orðið í útlánum til sjóðfélaga eftir hrúnið árið 2008. Á því ári voru veitt 455 ný lán til sjóðfélaga að upphæð 1.915 milljónir króna en á árinu 2009 fækkaði lánveitingum í 164 lán að upphæð 691 milljón króna og enn dregur úr lánveitingum til sjóðfélaga.

Sjóðfélagar hafa val um hvort lán séu tekin með föstum vöxtum eða breytilegum vöxtum og hvort lánið endurgreiðist með jöfnum afborgunum eða jöfnum greiðslum (annuitet). Í mars 2011 voru lánakjör sjóðsins þannig að ný lán með föstum vöxtum voru með 5,2% vöxtum og breytilegir vextir 4,4%.

Útistandandi sjóðfélagalán um áramót voru 3.488 að fjárhæð 11,7 milljarðar. Vanskil hafa verið að aukast og var 131 lán í vanskilum (90 daga og eldra) í mars 2011. Vanskilin námu þá 32 milljónum króna og eftirstöðvar lána í vanskilum voru um 600 milljónir króna.

Úrræði vegna greiðsluerfiðleika

Á árinu 2010 var mikil vinna hjá lánadeild sjóðsins við að leysa úr greiðsluvanda sjóðfélaga. Mikið var um skilmálabreytingar á lánum þar sem boðið var upp á ýmsa möguleika – m.a:

- Leggja vanskil við höfuðstól og jafnframt að lengja lánstíma í allt að 40 ár frá útgáfudegi viðkomandi skuldabréfs og lækka þannig greiðslubyrði.
- Frysta lán tímabundið í 6 – 12 mánuði og hefja síðan greiðslur að nýju.
- Fjölgun gjalddaga. Breyta lánum sem hafa verið með fáum gjalddögum á ári í mánaðarlegar afborganir.
- Breyta lánum sem eru með jöfnum afborgunum í jafngreiðslulán. Það léttir á greiðslubyrði fyrstu árin.

Samkomulag lánveitenda á íbúðalánamarkaði um aðlögun fasteignalána í þágu yfirveðsettra heimila

Gildi – lífeyrissjóður er aðili að samkomulagi á íbúðalánamarkaði um aðlögun fasteignalána í þágu yfirveðsettra heimila sem undirritað var 15. janúar 2011 af Landssamtökum lífeyrissjóða, Samtökum fjármálaafyrirtækja og íbúðalánasjóði. Í samkomulaginu felst að sjóðfélagar með skuldir hjá sjóðnum og áhvílandi veðskuldir umfram 110% af verðmæti fasteignar geta sótt um að færa veðskuldir sínar niður að 110% af verðmæti fasteignar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Þær skuldir sem færa má niður samkvæmt samkomulaginu eru skuldir sem stofnað var til vegna fasteignakaupa umsækjanda fyrir árið 2009 og hvíla með veði á eign sem ætluð er til heimilishalds lántaka og uppfylla rétt til vaxtabóta. Sjóðfélagar geta óskað eftir niðurfellingum um allt að 4 milljónir króna fyrir einstaklinga og 7 milljónir króna fyrir einstæða foreldra, sambýlisfólk og hjón.

Lækkun skulda takmarkast við að greiðslubyrði umsækjanda af lánum sem samkomulagið tekur til verði ekki lægri en sem svarar 18% af brúttótekjum eftir beitingu úrræðisins. Sjóðfélagar sem eru með veðsetningu umfram 110% af verðmæti fasteignar þrátt fyrir lækkun veðskulda um 4 eða 7 milljónir króna, geta óskað eftir frekari niðurfellingum. Niðurfelling getur í heild numið allt að 15 milljónum króna fyrir einstaklinga og 30 milljónum króna fyrir einstæða foreldra, sambýlisfólk og hjón.

Við gerð þessa samkomulags kom það skýrt fram hjá lífeyrissjóðunum að þeim er ekki heimilt að gefa eftir innheimtanlegar veðkröfur.

TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins í árslok 2010 var unnin af Talnakönnun hf. Úttektin fólst í að reikna annars vegar áfallna skuldbindingu miðað við áunninn rétt sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingu miðað við að sjóðfélagar haldi áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir fara á lífeyri. Taflan hér að neðan sýnir niðurstöðu úttektarinnar. Til samanburðar er sýnd niðurstaða úttektar á sjóðnum sem miðast við árslok 2009. Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

Staða í árslok	2010		2009	
Áfallin staða				
Höfuðstóll	238.485		224.846	
Viðbót vegna endurmats	13.175		11.590	
Fjárfestingakostnaður	-3.718		-3.347	
Eign	247.942		233.088	
Áfallin lífeyrisskuldbinding				
Kostnaður	2.709		2.397	
Áfallin skuldbinding	273.871		275.056	
Staða	-25.929	-9,5%	-41.968	-15,3%
Heildarstaða				
Iðgjöld	163.215		162.449	
Eign + iðgjöld	411.158		395.538	
Heildarskuldbinding				
Kostnaður	6.040		5.316	
Heildarskuldbinding	447.453		447.605	
Staða	-36.295	-8,1%	-52.067	-11,6%

Úttektin sýnir að heildarstaða sjóðsins er neikvæð um 36.295 milljónir króna. Það er heldur betri staða en í árslok 2009 þegar staðan var neikvæð um 52.067 milljónir en það var fyrir 7% skerðingu sem kom til framkvæmda á árinu. Áfallin staða er neikvæð um 25.929 milljónir en hún var neikvæð um 41.968 milljónir í úttektinni 2009. Heildarstaða sjóðsins er innan vikmarka sem lög kveða á um eða -8,1%. Heildarstaða lífeyrissjóða á að jafnaði að vera innan 5% vikmarka og er æskilegt að stefna að ná því marki innan fárra ára.

Það er mat tryggingafræðings sjóðsins að ekki verði komist hjá því að skerða áunninn réttindi um minna en 3% og æskilegt að skerða um allt að 6%. Stjórn Gildis mun á ársfundi sjóðsins leggja fram tillögu um lækkun áunninna réttinda um 4,5%. Réttindi voru lækkuð um 10% á árinu 2009 og 7% árið 2010, en réttindi höfðu áður verið hækkuð um 7% árið 2006 og 10% árið 2007. Lífeyrisréttindi eru verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs og breytast lífeyrisgreiðslur mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölunni.

Örorkubyrði - örorkuframlag

Örorkubyrði Gildis og örorkulíkur sjóðfélaga í tryggingafræðilegri úttekt eru með því hæsta sem þekkist hjá lífeyrissjóðum. Við útreikning á framtíðarörorkubyrði sjóðsins er reiknað 30% álag á staðlaðar íslenskar örorkulíkur. Hjá flestum lífeyrissjóðum eru örorkulíkur mun lægri en hjá Gildi og allt að helmingi lægri hjá sumum sjóðum. Ef stöðluðu forsendurnar hefðu verið notaðar hefði heildarstaða sjóðsins batnað um 3,4% og verið -4,7% í stað -8,1%.


Til þess að jafna stöðu lífeyrissjóða vegna mismunandi örorkubyrði fá lífeyrissjóðir úthlutað örorkuframlagi sem greiðist af tryggingagjaldi. Framlag þetta til Gildis nam á síðasta ári 969 milljónum króna og mun sjóðurinn nýta það til þess að hækka réttindi lífeyrisþega og greiðandi sjóðfélaga. Á ársfundi mun stjórn sjóðsins leggja fram tillögu um lækkun lífeyrisgreiðslna og réttindaávinnslu um 4,5%. Verði tillagan samþykkt kemur því ekki til lækkunar lífeyrisgreiðslna við þessar breytingar.

VERÐBRÉFAMARKAÐIR 2010

Innlendur skuldabréfamarkaður

Árið 2010 var að mörgu leyti merkilegt ár hvað varðar þróun vaxta og verðbólgu, en hvort tveggja lækkaði verulega á árinu. Skipti þar nokkru máli u.þ.b. 11,9% styrking krónunnar á árinu sem varð í skjóli gjaldeyrishafta. Gengisstyrkingin ásamt verulegum slaka í hagkerfinu eru einna stærstu skýringarþættir þess að verðbólga lækkaði á árinu niður í 2,6% sem er þétt við verðbólgu markmið Seðlabankans (2,5%). Þessi atriði stuðluðu að lækkun stýrivaxta Seðlabankans úr 10% í upphafi árs í 4,5% í árslok.


Verðbólga (%)




Ofangreind þróun hafði einkum tvenns konar áhrif á skuldabréfamarkaðinn á árinu. Í fyrsta lagi leiddu lækkandi vextir til lægri ávöxtunarkröfu bæði á verðtryggðum og óverðtryggðum ríkisskuldabréfum. Í öðru lagi leiddu lækkandi verðbólga og styrking krónu til lægra verðbólguálags á skuldabréfamarkaði, þ.e. munurinn á kröfu verðtryggðra og óverðtryggðra ríkisskuldabréfa minnkaði.

Af öðrum áhrifaþáttum fyrir ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa má t.d. nefna að töluvert hefur dregið úr framboði ríkistryggðra bréfa samanborið við árin 2008 og 2009 á sama tíma og gjaldeyrishöft draga úr mögulegum valkostum við ríkistryggð skuldabréf. Hvort tveggja leiðir til hærra skuldabréfaverðs og lægri ávöxtunarkröfu en ella. Á mótí koma hins vegar aðrir þættir og má þar nefna að framboð á öðrum innlendum fjárfestingarkostum, s.s. skuldabréfum sveitarfélaga og fyrirtækja ásamt óskráðum hlutabréfum, virðist fara vaxandi.

Stýrivextir og ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa (%)



Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa (%)



Vextir óvenju lágir

Í lok árs 2010 blasti við talsvert lægra vaxtaumhverfi en í upphafi ársins. Þannig var ávöxtunarkrafa verðtryggðra ríkisskuldabréfa komin niður fyrir 3,5% viðmið fyrir skuldbindingar íslenskra lífeyrissjóða og hefur sú þróun haldið áfram á árinu 2011. Stýrivextir Seðlabankans, sem setja viðmiðið fyrir innlánavexti í landinu, eru jafnframt í sögulegu lágmarki og eru veðlánavextir bankans 4,25% í apríl 2011. Ekki eru skýrar blukur á lofti um að þessi þróun snúi við í bráð.



Innlendur hlutabréfamarkaður

Þrátt fyrir heldur takmörkuð umsvif og litla veltu á innlendum hlutabréfamarkaði á árinu 2010 hækkaði OMXI6 vísitala Kauphallarinnar um tæp 14,6%. Var sú hækkun fyrst og fremst borin uppi af stærstu félögunum, Marel og Össuri. Gengi hlutabréfa Marel hækkaði þannig um 62,6% á árinu en gengi Össurar um 31,4%. Velta innendra hlutabréfa var jafnframt að megninu til í bréfum sömu félaga, auk þess sem viðskipti Icelandair tóku að glæðast á ný eftir endurskipulagningu félagsins. Engir nýir fjárfestingarkostir bættust við Aðallista Kauphallarinnar á árinu 2010 líkt og væntingar voru um í byrjun ársins. Horfur eru hins vegar á einhverjum nýskráningum á árinu 2011 og þá væntanlega á síðari hluta ársins. Gildi er meðal hluthafa í Framtakssjóði Íslands og Stefni Íslenska Athafnasjóðnum I (SÍA) sem fjárfesta einkum í óskráðum hlutabréfum. Það er markmið Gildis að leita að fjárfestingartækifærum í íslenskum fyrirtækjum og taka þátt í endurreisn innlands hlutabréfamarkaðar.

Erlendir markaðir

Erlend hlutabréf hækkuðu um 11,8% á árinu 2010 (Heimsvísitala Morgan Stanley með arðgreiðslum) og voru því hækkanir annað árið í röð eftir miklar lækkunir á árinu 2008. Hækkunin í íslenskum krónum var þó nokkuð lægri vegna styrkingar krónunnar, eða 2,5%. Þróun hlutabréfaverðs var engu að síður nokkuð skrykkjótt á árinu 2010. Lækkun heimsvísitölunnar á miðju árinu fór þannig hæst í rúmlega 10% þar sem þættir eins og hátt atvinnuleysi og alvarleg skuldastaða ýmissa ríkja ollu svartsýni á mörkuðum.


Hækkunir á seinni hluta ársins bættu hins vegar upp fyrir lækkunina og gott betur. Ástæður þess voru meðal annars batnandi hagtolur og aukinn hagnaður fyrirtækja. Meðal skýringa sem gefnar hafa verið á auknum hagnaði var sterk eftirspurn frá nýmarkaðsríkjum og árangur af kostnaðaraðhaldi fyrirtækja. Hlutabréfamarkaðurinn naut jafnframt verulegs stuðnings af peningaprentun seðlabanka Bandaríkjanna og Evrópu og mjög lágum stýrivöxtum um mest allan heim.

Sé horft til einstakra atvinnugreina (MSCI) hækkaði neysluvöru-, iðnaðar- og hráefnageirinn mest á árinu en fjármála-, heilbrigðis- og veitugeirinn sat helst eftir.


Af einstökum heimsálfum kom Evrópa verst út á árinu. Grikkland og Írland þurftu á neyðarláni að halda frá ESB og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í maí og nóvember. Einnig eru mörg önnur ríki í Evrópu afar skuldsett og glíma auk þess við mikinn halla á ríkisbúskapnum, t.d. Ítalía, Spánn, Portúgal, Belgía og jafnvel Bretland. Ljósi punkturinn í Evrópu var Þýskaland þar sem hagkerfið kom sterkt til baka og útflutningur jókst mikið. Almennt lækkuðu evrópskir hlutabréfamarkaðir en DAX vísitalan í Þýskalandi hækkaði þó um 18% á árinu.

Nýmarkaðir hækkuðu hins vegar mest á árinu, eða um rúm 18% skv. MSCI hlutabréfavísitölu nýmarkaðsríkja. Stærstu hagkerfin í nýmarkaðsríkjunum hafa hingað til komið nokkuð sterk út úr kreppunni og njóta þau m.a. lágrar skuldsetningar. Verðbólga hefur þó látið á sér kræla undanfarið í nýmarkaðsríkjum og óvissa er um framhaldið.

Myndin sýnir þróun helstu hlutabréfavisitalna í heimamynt



Myndin sýnir þróun helstu hlutabréfavisitalna í íslenskum krónum



HORFUR Á MÖRKUDUM

Innlendir markaðir

Til skemmri tíma litið auka gjaldeyrishöft og slaki í hagkerfinu líkur á að vextir haldist fremur lágir. Útlit er fyrir að gjaldeyrishöft verði áfram við lýði næstu árin og rennir áætlun Seðlabankans um afnám gjaldeyrishafta stoðum undir það (birt í mars 2011). Á meðan höftin eru viðvarandi eru mun minni líkur á að vextir Seðlabankans verði hækkaðir. Hugsanlegt afnám hafta og áhyggjur af mögulegri veikingu krónunnar hafa einmitt verið helstu rök Seðlabankans fyrir því að ganga ekki lengra í lækkun vaxta. Eftir að frestun á afnámi hafta um nokkurra ára skeið hefur verið staðfest með fyrrnefndri skýrslu eiga rökin fyrir mögulegum vaxtahækkunum því síður við.

Mikill slaki í hagkerfinu er önnur vísbending um að vaxtastig á Íslandi verði lágt a.m.k. til skemmri tíma litið. Samdrátturinn í hagkerfinu eftir efnahagshrunið 2008 kom fram bæði í minni neyslu og fjárfestingum. Rýrður kaupmáttur almennings gerir það að verkum að ekki er sérstakt útlit fyrir að almenn neysluaukning muni keyra umsvif í hagkerfinu í gang til skemmri tíma litið. Ef ríki, sveitarfélög, fyrirtæki og heimili munu ennfremur halda að sér höndum í fjárfestingum er hætta á að hagvöxtur muni láta á sér standa í bráð. Verði áfram deyfð yfir hagkerfinu næstu mánuði og misseri verður erfiðara en ella að réttlæta hækkun vaxta. Hafa ber þó í huga að þetta vandamál er ekki eingöngu bundið við Ísland. Víða á Vesturlöndum eru til staðar áhyggjur um áhrifin af því að vextir fari hækkanði á ný án þess að hagkerfin hafi rétt nægjanlega úr kútnum.

Þróun verðbólgu mun væntanlega hafa töluverð áhrif á þróun vaxta þegar horft er til lengri tíma. Í gegnum tíðina hafa helstu áhrifaþættir verðbólgu á Íslandi verið launapróun og gengi krónunnar. Sögulega hafa launahækkunarir verða hóflegar á meðan atvinnuleysi er svo hátt sem það er nú. Með því að festa gjaldeyrishöft í sessi um nokkurra ára skeið hefur Seðlabankinn jafnframt dregið úr líkum á að krónan verði verðbólguvaldur í bráð. Enn fremur benda þættir s.s. sögulega lágt raungengi og myndarlegur afgangur á utanríkisviðskiptum til þess að krónan ætti að geta styrkst til lengri tíma litið. Ekki er þó hægt að útiloka að krónan veikist á næstu árum eða misserum ef Seðlabankinn þyrfti t.d. að styrkja gjaldeyrisforðann með því að kaupa gjaldeyri á markaði. Ástæðan er m.a. sú að gjalddagar erlendra lána þjófþúsins gætu kallað á stóran hluta gjaldeyrisforðans ef endurfjármögnun þeirra verður torveld. Þó mun ekki þurfa að koma til þess ef nægur gjaldeyri fæst af utanríkisviðskiptum og erlendri láanafyrirgreiðslu gegnum markaði, seðlabanka vinapjóða eða Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Þótt reynt sé hér að ofan að renna yfir helstu þætti sem skipta máli varðandi framhaldið þarf þó að hafa í huga að framvinda hlutanna er oft afar óvænt og illfyrirsjáanleg. Eitt árið getur eldgos haft meiri áhrif en margan grunaði en það næsta getur þróun mála í umheiminum ráðið úrslitum. Erlendis mun t.d. framvinda skuldavanda ýmissa Evrópuríkja og þróun hrávöruverðs trúlega hafa mikil áhrif næstu misserin og gætu áhrifin hæglega náð til Íslands.

Erlendir markaðir

Margt bendir til að hlutabréfaverð sé enn hagstætt á ýmsa mælikvarða þrátt fyrir undangengnar hækkunarir. Mörg vandamál eru hins vegar enn til staðar og takmörk fyrir því að seðlabankar heimsins geti haldið uppi viðlíka stuðningsaðgerðum og verið hefur. Talið er að Seðlabanki Bandaríkjanna muni draga úr eða hætta skuldabréfakaupum til örvunar hagkerfisins um mitt ár 2011 og ennfremur hefur evrópski Seðlabankinn ýjað að því að vaxtahækkunarir séu á næsta leyti. Þá er útlit fyrir að skorið verði niður í ríkisfjármálum víða um heim og skattar verði jafnvel hækkaðir. Verðbólguhorfur hafa versnað og hrávörur hafa hækkað mikið í verði sem gæti leitt til hækkunar vaxta.

FJÁRFESTINGARSTEFNA

Fjárfestingarstefna sjóðsins er gerð með það að markmiði að tryggja sem hæsta ávöxtun að teknu tilliti til áhættu. Undanfarin tvö ár hafa fjárfestingarkostir verið mjög takmarkaðir og hefur fjárfestingarstefna sjóðsins borið þess skýr merki. Hægfara endurreisn innlands fjármálamarkaðar hefur haft þar mikið að segja sem og hömlur á nýjar fjárfestingar erlendis sökum gjaldeyrishafta. Hefur stærstum hluta af ráðstöfunarfé sjóðsins því verið ráðstafað í ríkisskuldabréf undanfarin tvö ár. Margt bendir til þess að úrval fjárfestingarkosta innanlands muni hins vegar fara vaxandi á árinu 2011. Ný fjárfestingarstefna sjóðsins endurspeglar það en í henni er lögð áhersla á aukið vægi innlendra hlutabréfa, veðskuldabréfa, skuldabréfa fyrirtækja og sveitarfélaga sem og fasteignasjóða.

Fjárfestingarstefna sjóðsins fyrir árið 2011 var upphaflega samþykkt á stjórnarfundum þann 29. nóvember 2010. Ný útgáfa með breytingum var samþykkt af stjórn þann 7. febrúar 2011 og er það núgildandi fjárfestingarstefna sjóðsins. Sem fyrr áskilur stjórn sjóðsins sér rétt til breytinga á stefnunni innan ársins vegna óvenjulegra aðstæðna á fjármálamörkuðum.

Fjárfestingarstefna samtryggingadeildar 2011

Verðbréfaflokkur	Stefna	Heimiluð frávik	
	2011	Lágmark	Hámarg
Innlán	4,0%	0,0%	15,0%
Skuldabréf	63,5%	45,5%	75,5%
Ríkistryggð	42,0%	35,0%	60,0%
Bankar	2,0%	0,0%	3,0%
Erlend	0,0%	0,0%	3,0%
Veðskuldabréf	8,5%	5,0%	10,5%
Sveitarfélög	6,0%	3,0%	8,0%
Fyrirtæki	5,0%	2,0%	7,0%
Hlutabréf	28,0%	15,0%	35,0%
Innlend	6,0%	0,0%	10,0%
Erlend	22,0%	15,0%	30,0%
Aðrar fjárfestingar	4,5%	1,0%	8,0%
Vogunarsjóðir	2,5%	1,0%	4,0%
Fasteignasjóðir	2,0%	0,0%	4,0%
Samtals	100,0%		

FJÁRFESTINGAR


Fjárfestingar samtryggingadeildar 2010 (í milljónum króna)

Verðbréfaflokkur	Kaup	Sala	Nettó
Skuldabréf	36.978	12.429	24.549
Ríkistryggð	22.758	1.526	21.233
Erlend	7.113	10.558	(3.445)
Sveitarfélög	2.433	47	2.386
Fyrirtæki	2.201	298	1.903
Veðskuldabréf	2.473	-	2.473
Hlutabréf	2.619	9.660	(7.041)
Innlend	395	5	390
Erlend	2.223	9.655	(7.431)
Fjárfestingarsjóðir	4.260	2.222	2.038
Innlendir	867	-	867
Erlendir	3.393	2.222	1.171
Samtals	43.857	24.311	19.546


VERÐBRÉFAEIGN

Skipting verðbréfaeignar samtryggingardeildar 31.12.2010 (í þús. króna)

Skipting verðbréfa		
Ríkistryggð skuldabréf	114.496.105	47,4%
Erlend hlutabréf	34.226.239	14,2%
Framtakssjóðir	21.952.894	9,1%
Innlán	17.733.185	7,3%
Veðskuldabréf	15.414.997	6,4%
Skuldabréf sveitarfélaga	12.427.856	5,1%
Innlend hlutabréf	6.585.879	2,7%
Vogunarsjóðir	6.352.037	2,6%
Skuldabréf fyrirtækja	5.944.009	2,5%
Bankabréf	3.760.327	1,6%
Fasteignasjóðir	2.506.275	1,0%
Samtals	241.399.803	



Hrein eign til greiðslu lífeyris 2001 til 2010 (í milljörðum króna)



Tölur fyrir sameiningu á árunum 2001 - 2004 byggja á samtölum fyrir Lífeyrissjóðinn Framsýn og Lífeyrissjóð sjómanna.

Skuldabréfaeign samtryggingardeildar, stærstu útgefendur

Stærstu útgefendur skuldabréfa sveitarfélaga í árslok 2010 (94% safnsins) eru Lánasjóður sveitarfélaga (42%), Kópavogsbær, Reykjavík, Akureyri og Mosfellsbær.

Veðskuldabréf skiptast þannig að 76% eru sjóðfélagalán og 24% önnur veðlán.

Stærstu útgefendur í safni fyrirtækjaskuldabréfa (90% safnsins) eru Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur, Skipti, Bakkavör, Rarik, Smáralind, N1, Reykjaneshöfn, Spölur og Landsnet.

Stærstu útgefendur í safni bankabréfa (90% safnsins) eru Kaupþing, Straumur og Norræni fjárfestingabankinn.

YFIRLIT YFIR STÆRSTU FJÁRVÖRSLUAÐILA ERLENDIS

Hlutabréfasjóðir (Equity)	34.134.598
Vanguard	10.274.169
Blackrock	6.097.014
JP Morgan	4.540.735
Templeton	4.144.422
Morgan Stanley	3.419.159
T.Rowe Price	1.878.079
Acadian	1.274.330
Stefnir	1.265.907
Dimensional	1.240.783
Vogunarsjóðir (Hedge Funds)	6.352.037
Credit Suisse	3.231.186
Gottex	1.542.251
AIP/Morgan Stanley	1.245.900
Stefnir	332.699
Framtakssjóðir (Private Equity)	19.996.743
AIP/Morgan Stanley	6.777.877
NB Crossroads	3.404.903
SVG Capital	2.501.518
Blackrock	1.506.654
DLJ	1.295.505
Paul Capital	1.131.489
Standard Life	865.563
LGT	822.924
Stefnir	650.104
Aðrir	1.040.206
Fasteignasjóðir (Real Estate)	2.506.275
Standard Life	1.117.710
Stefnir	631.173
Templeton	496.790
Metropolitan	260.602

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



ÁVÖXTUN

Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar sjóðsins árið 2010 var 4% sem jafngildir 1,4% hreinni raunávöxtun. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin 5 ár er -3,9% og síðastliðin 10 ár 2,2%. Ávöxtun skuldabréfa var 5,3% eða 2,6% raunávöxtun. Ávöxtun innlendra hlutabréfa var 23% eða 19,9% raunávöxtun. Nafnávöxtun erlendra hlutabréfa var -0,8%, framtakssjóða 3,8% og vogunarsjóða -9,6%.

Ávöxtun einstakra eignaflokka samtryggingardeildar

Verðbréfaflokkur	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
Ríkistryggð skuldabréf	7,3%	4,6%
Erlend hlutabréf	-0,8%	-3,3%
Framtakssjóðir	3,8%	1,2%
Innlán	6,8%	4,1%
Veðskuldabréf	7,2%	4,5%
Skuldabréf sveitarfélaga	7,0%	4,3%
Innlend hlutabréf	23,0%	19,9%
Vogunarsjóðir	-9,6%	-11,9%
Skuldabréf fyrirtækja	-16,5%	-18,6%
Bankabréf	-18,5%	-20,6%
Fasteignasjóðir	-11,6%	-13,8%
Samtals	4,0%	1,4%


GJALDEYRISÁHÆTTA

Gjaldeyrishöft hafa verið við lýði á Íslandi síðan í nóvember 2008. Gildi hefur því ekki möguleika á að stýra gjaldeyrisáhættu sjóðsins nema með sölu erlendra eigna. Gjaldeyrisáhættan er einn stærsti áhættuþátturinn í rekstri sjóðsins. Annars vegar getur gjaldeyrisáhætta komið fram í sveiflum á eignahlið sjóðsins og hins vegar getur hún haft óbein áhrif á skuldbindingahliðina gegnum áhrif gengis á verðbólgu.

Erlendar eignir samtryggingarhluta sjóðsins námu í árslok 2010 65,4 milljörðum króna eða sem nemur 27,4% af hreinni eign. Erlendar eignir séreignardeildar námu á sama tíma 503 milljónum króna eða 19,7% af hreinni eign. Þó skal tekið fram að Leið 3 í séreignardeild fjárfestir aðeins í verðtryggðum innlánnum og er því án beinnar gjaldeyrisáhættu.

Á árinu 2010 styrktist krónan um 11,9% og stóð gengisvísitala krónunnar í 208 stigum í árslok.

Próun gengisvísitölu krónunnar 2010



AFKOMA - ÓVISSUPÆTTIR

Afleiðinga af hruni íslenska bankakerfisins gætir enn í uppgjöri sjóðsins á árinu 2010. Kemur það fyrst og fremst fram í auknum niðurfærslum verðbréfa og endurútreikningi á óuppgerðum afleiðusamningum við föllnu bankana. Gjaldfærð niðurfærsla verðbréfa ársins er þó óveruleg miðað við árin 2008 og 2009 en engu að síður hafa afskriftir neikvæð áhrif á afkomu sjóðsins um 0,5% á árinu 2010. Langstærsti hluti niðurfærslna og afskrifta krafna kom fram á árunum 2008 og 2009 og hafði veruleg neikvæð áhrif á afkomu sjóðsins þau ár. Enn er einhver óvissa um hvort þessar niðurfærslur séu endanlegar því ekki er enn lokið öllum uppgjörum íslenskra banka og fyrirtækja. Uppgjöri á afleiðusamningum við bankana er heldur ekki lokið. Lýstum kröfum sjóðsins í protabú bankanna verður væntanlega skuldajafnað á móti hluta af þessum samningum. Á árinu 2010 bættust við verðbréf sem sjóðurinn telur að honum beri að skuldajafna. Skuldajöfnun verður því hærri en áður var reiknað með og þar af leiðandi lækkar skuld sjóðsins vegna óuppgerðra afleiðusamninga við bankana. Endurútreikningur á stöðu gjaldmiðlasamninga og skuldajöfnun hefur neikvæð áhrif á afkomu sjóðsins um 0,4%. Lyktir þessa máls eru háðar mikilli óvissu og því erfitt að segja til um endanleg áhrif þess á afkomu sjóðsins.

Margir óvissupættir eru til staðar í innlendu efnahagslífi og munu hafa áhrif á afkomu sjóðsins. Má þar nefna óvissu um almennar efnahagshorfur, ávöxtun verðbréfa, fjárfestingartækifæri og gjaldeyrishöft. Gjalddeyrishöft hefta ekki aðeins erlendar fjárfestingar sjóðsins heldur einnig möguleika hans til að verja núverandi stöðu sjóðsins í erlendum gjaldmiðlum fyrir sveiflum í gjaldmiðlum.

FULLTRÚARÁÐSFUNDIR

Hinn 24. nóvember 2010 stóð stjórn Gildis fyrir fundi með fulltrúum í fulltrúaráði sjóðsins með yfirskriftinni „Hvernig stöndum við best vörð um framtíðarhagsmunum sjóðfélaga Gildis - lífeyrissjóðs?“. Tilgangur með fundinum var að fá fram sjónarmið fulltrúaráðsins um megináherslur í starfsemi sjóðsins. Stjórnendur sjóðsins telja mikilvægt að samstaða og gagnkvæmur skilningur ríki innbyrðis í baklandi sjóðsins og þá ekki síst í fulltrúaráðinu.

Fundurinn sem haldinn var með svokölluðu þjóðfundarsniði þótti takast vel, en um 80 fulltrúar tóku þátt í honum. Lögð var áhersla á að fá fram sem flest sjónarmið og að hver og einn fengi tækifæri til þess að viðra skoðanir sínar og hlusta á skoðanir annarra. Allt kapp var lagt á að skapa andrúmsloft sem kallaði á hreinskiptar en uppbyggilegar umræður og sjónarmið væru sett fram út frá framtíðarhagsmunum sjóðfélaga. Í upphafi voru lagðar fram ýmsar upplýsingar um stöðu og starfsemi sjóðsins og lífeyrissjóðakerfisins í heild og spáð í framtíðarhorfur.

Í mars 2011 var síðan haldinn fulltrúaráðsfundur þar sem kynntar voru helstu niðurstöður fundarins í nóvember og jafnframt farið yfir stöðu sjóðsins.

SÉREIGNARDEILD

Á árinu 2010 varð hækkun á hreinni eign séreignardeildarinnar þrátt fyrir útstreymi vegna sérstakrar heimildar á útgreiðslu séreignarsparnaðar fyrir sjóðfélaga yngri en 60 ára. Í ársbyrjun var útgreiðsluheimildin hækkuð með lagabreytingu sem miðaðist við rétt á úttekt allt að 2.500.000 kr. og miðaðist upphæðin við inneign 1. janúar 2010. Vegna ástandsins í þjóðfélaginu nýttu margir sjóðfélagar sér þennan útgreiðslumöguleika og fækkaði rétthöfum deildarinnar því um 800 manns á árinu, en rétthafar voru 35.603 í árslok. Alls voru greiddar úr séreignardeildinni 288 milljónir króna á árinu og þar af 195 milljónir vegna lagabreytingarinnar eða 2/3 af útgreiðslum ársins. Hrein eign séreignardeildar til greiðslu lífeyris nam 2.557 milljónum króna í árslok 2010 og hækkaði um 97 milljónir króna frá fyrra ári.

Hækkanir urðu á skuldabréfamörkuðum á árinu og hækkuðu skuldabréfasöfn Framtíðarsýnar I og Framtíðarsýnar II í samræmi við það. Hækkunin nam 12,1% í Framtíðarsýn I og 12,6% í Framtíðarsýn II. Erlendir hlutabréfamaðir hækkuðu lítillega á árinu en styrking krónunnar eyddi út hagnaðinum að mestu. Hlutabréfasafn Framtíðarsýnar 1 hækkaði um 3,4% og um 3,0% hjá Framtíðarsýn 2.

Ávöxtun séreignardeildar 2010 og sl. 5 ár

	Nafnávöxtun	Raunávöxtun	Meðaltal raunávöxtunar
	2010	2010	sl. 5 ár
Framtíðarsýn 1	8,4%	5,6%	0,6%
Framtíðarsýn 2	9,7%	6,9%	0,1%
Framtíðarsýn 3	6,9%	4,2%	4,5%

Það sem skýrir mismun á ávöxtun samtryggingardeildar og séreignardeilda er annars vegar mismunandi fjárfestingarstefna og hins vegar mismunandi uppgjörsaðferð deildanna á markaðsskuldabréfum. Ávöxtun samtryggingardeildar og séreignardeilda er því ekki samanburðarhæf.

Fjárfestingarstefna séreignardeildar

Framtíðarsýn 1		Framtíðarsýn 2		Framtíðarsýn 3	
Verðbréfaflokkur	Hlutfall	Verðbréfaflokkur	Hlutfall	Verðbréfaflokkur	Hlutfall
Skuldabréf	65%	Skuldabréf	65%	Verðtryggð Innlán	100%
Innlán	0-30%	Innlán	0-30%		
Ríkistryggt	40-65%	Ríkistryggt	40-65%		
Sveitarfélög	0-10%	Sveitarfélög	0-10%		
Bankar	0-15%	Bankar	0-15%		
Fyrirtæki	0-15%	Fyrirtæki	0-15%		
Hlutabréf	35%	Hlutabréf	20%		
Innlend	0-10%	Innlend	0-10%		
Erlend	25-40%	Erlend	5-25%		

Yfirlit eru send sjóðfélögum tvisvar á ári þar sem fram koma sundurliðuð framlög sjóðfélaga og launagreiðenda. Þannig geta sjóðfélagar fylgst með þróun eignar sinnar og yfirfarið greiðslur frá launagreiðendum. Einnig hafa sjóðfélagar aðgang að þessum upplýsingum á sjóðfélagavef Gildis. Séu vanskil af hálfu launagreiðanda er lögmönnum lífeyrissjóðsins falin innheimta séreignarsparnaðarins.

ENDURSKOÐUNARNEFND

Endurskoðunarnefnd hefur verið starfandi hjá sjóðnum frá júní 2009. Hún er skipuð af stjórn sjóðsins til þess að sinna ákveðnum verkefnum á ábyrgðarsviði stjórnarinnar. Nefndin á að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningssskila til að auka traust á fjárhagslegum upplýsingum. Meginhlutverk nefndarinnar er:

- Mat á eftirlitsumhverfi sjóðsins og fyrirkomulagi áhættustýringar.
- Greining á virkni innri endurskoðunar og eftirlit með framkvæmd endurskoðunar.
- Að gera tillögu um val á ytri endurskoðanda og meta óhæði endurskoðanda.
- Tryggja fylgni við lög og reglur.

Á síðasta ári tók endurskoðunarnefndin m.a. þátt í og hafði eftirlit með vinnu við mótun formlegrar áhættustefnu sjóðsins. Nefndin hélt samtals 17 fundi á árinu.

Í endurskoðunarnefndinni eru Sigurður Þórðarson, fyrrverandi ríkisendurskoðandi, sem er formaður, Heiðrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri lögfræðideildar Eimskips, en hún er einnig í stjórn sjóðsins og Hólmgeir Jónsson, framkvæmdastjóri Sjómannasambands Íslands.

HEIMASÍÐA - SJÓÐFÉLAGAVEFUR

Gildi - lífeyrissjóður hefur um árabíl haldið úti heimasíðunni www.gildi.is með það að markmiði að auka aðgengi sjóðfélaga að upplýsingum sem þá varða, s.s. yfirlit yfir iðgjalda- og réttindastöðu. Heimasíðan veitir einnig aðgang að fjölmörgum upplýsingum um rekstur sjóðsins, fjárfestingarstefnu, eignasamsetningu og ávöxtun. Eins er þar að finna samskipta- og siðareglur, ársskýrslur, samþykktir sjóðsins og þau lög sem unnið er eftir hjá sjóðnum auk fjölmargra annarra upplýsinga.

Á heimasíðunni eru reiknivélar þar sem hægt er að reikna út greiðslubyrði lána, núverandi og áætlaðan lífeyri og séreignarlífeyri miðað við valdar forsendur. Þar fæst gott yfirlit á niðurstöðum með myndrænum hætti. Eyðublöð og upplýsingar varðandi lántöku og umsókn um lífeyri eru þar einnig aðgengilegar.

Nýlega var nýr sjóðfélagavefur opnaður og er rétt að vekja athygli á honum. Þar er að finna upplýsingar um öll iðgjöld sem greidd hafa verið í sjóðinn og aðgang að yfirlitum sem send hafa verið sjóðfélögum og er ætlunin að þau taki við af pappírssendingum í tímans rás. Einnig birtast þar upplýsingar um áunnin réttindi sjóðfélaga við tilgreindan aldur skv. samþykktum sjóðsins og séreign ef einhver er. Lífeyrisgreiðslur sem sjóðfélagi hefur fengið greiddar úr sjóðnum eru aðgengilegar og einnig yfirlit yfir greiðslur til sjóðfélaga. Sama á við um yfirlit yfir lán sem sjóðfélagi hefur tekið hjá sjóðnum.

Sjóðfélagar eru hvattir til að nýta sér þá möguleika sem vefurinn hefur upp á að bjóða og eiga allir að vera búnir að fá veflykil sendan með sjóðfélagayfirliti. Ef hann er ekki til staðar er hægt að sækja um hann á vefnum eða senda beiðni á netfangið gildi@gildi.is.

HLUTHAFASTEYFNA

Gildi - lífeyrissjóður er langtímafjárfestir sem hefur það að markmiði að ná góðri arðsemi af fjárfestingum sínum í hlutabréfum. Sjóðurinn vill stuðla að heilbrigðum fjármálamarkaði á Íslandi með faglegu aðhaldi sem hluthafi. Sjóðurinn skal ekki vera leiðandi eða í stöðu kjölfestufjárfestis í tilteknum fyrirtækjum. Sjóðurinn gegnir eigendaskyldum sínum með virkum hætti og kemur ábendingum um rekstur og stefnu félaga sem sjóðurinn er hluthafi í á framfæri á hluthafafundum og/eða með beinum samskiptum við stjórnendur viðkomandi fyrirtækja. Sjóðurinn tekur afstöðu til mála á hluthafafundum með atkvæðum sínum og á hlutabréfamarkaði með aðgerðum sínum eða aðgerðarleysi. Sjóðurinn tekur ekki þátt í vali á fulltrúum í stjórnir fyrirtækja nema þegar sérstakar ástæður gefa tilefni til slíks.

Starfsmenn og stjórnarmenn skulu ekki sitja í stjórnnum félaga á vegum sjóðsins. Leitast skal við að fá til þess óháða fulltrúa. Fyrirtæki sem fjárfest er í skulu hafa skýra stefnu og markmið um arðsemi. Stjórnendateymi skal vera traust og sýna í verki vilja til þess að starfa með hluthöfum. Upplýsingastreymi þarf að vera gott frá viðkomandi fyrirtækjum. Fjárfestingum sjóðsins skal ekki beitt í pólitískum tilgangi, arðsemi skal ráða fjárfestingaákvörðunum. Sjóðurinn fjárfestir fyrst og fremst í fyrirtækjum sem taka upp reglur Kauphallar Íslands um bestu stjórnunarhætti fyrirtækja. Framkvæmdastjóri fer með atkvæði sjóðsins á hluthafafundum í samráði við formann stjórnar og varaformann nema stjórn ákveði annað.

SAMSKIPTA- OG SIÐAREGLUR FYRIR STJÓRN OG STARFSMENN GILDIS-LÍFEYRISSJÓÐS

Hlutverk Gildis - lífeyrissjóðs er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins og lög og aðrar reglur sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða. Í því skyni tekur sjóðurinn við iðgjöldum og ávaxtar fjármuni sjóðsins. Gildi gegnir mikilvægu samfélagslegu hlutverki og innan sjóðsins er borin virðing fyrir þeirri samfélagslegu ábyrgð sem hvílir á sjóðnum.

Hlutverk stjórnar sjóðsins er að fara með yfirstjórn hans eins og kveðið er á um í samþykktum, lögum og reglum. Stjórnin hefur forystu og frumkvæði í þróun sjóðsins og málum hans. Í því felst m.a. reglubundin almenn stefnumörkun, ákvarðanir um helstu mál og virk eftirfylgni með þeim ákvörðunum sem teknar eru. Stjórnin gegnir jafnframt eftirlitshlutverki og tryggir að allar viðeigandi aðgerðir til eftirlits innan sjóðsins séu framkvæmdar í samræmi við lög, reglur og góða starfshætti og verklagsvenjur. Stjórnin fylgir eftir ákvörðunum sínum.

Hlutverk starfsmanna sjóðsins er að annast rekstur hans og þjónustu og samskipti við viðskiptavini, opinbera aðila og aðra sem láta sig málefni sjóðsins varða. Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn en annað starfsfólk er á ábyrgð hans, utan þeirra sem starfa við innra eftirlit. Framkvæmdastjóra og starfsfólki sjóðsins eru ljósar þær kröfur sem til þeirra eru gerðar og sú ábyrgð sem á þeim hvílir, bæði formlega samkvæmt samþykktum, lögum og reglum, samningum eða ákvörðunum og eins óformlega vegna væntinga sjóðfélaga, launagreiðenda og samfélagsins alls um ábyrga og árangursríka starfsemi sjóðsins.

Í öllum störfum sínum fyrir sjóðinn leggja stjórn og starfsmenn áherslu á heilbrigða skynsemi og dómgreind. Gengið er fram af hófsemi og fyrirhyggju en jafnframt verða stjórn og starfsmenn að vera trúir sannfæringu sinni og vinna samkvæmt bestu samvisku.

Stjórn og starfsmenn sjóðsins þjóna greiðandi sjóðfélögum, lífeyrisþegum, launagreiðendum og lántakendum af trúmennsku og virðingu fyrir hlutverki sjóðsins. Lögð er áhersla á opið upplýsingaflæði en nauðsynlegan og eðlilegan trúnað og þagnarskyldu og ennfremur virðingu og sanngirni í framkomu, svörum og afgreiðslu mála. Upplýsingar eru ekki misnotaðar.

Samskipti við aðra aðila á fjármagnsmarkaði byggjast á virðingu fyrir samstarfsaðilum og viðleitni til að viðhalda og efla trúverðugleika sjóðsins. Ekkert er gert til að draga í efa löghlýðni starfsmanna eða hollustu þeirra við sjóðinn og hlutverk hans. Starfsmenn eru vakandi gagnvart hugsanlegum hagsmunaárekstrum og bera virka ábyrgð á því að bregðast við hugsanlegum misfellum eftir því sem við á. Upplýsingar eru ekki misnotaðar og trúnaður við viðskiptaaðila er haldinn vegna allra lögmætra viðskipta.

Sjóðurinn fjárfestir í samfélagslega ábyrgum fyrirtækjum sem fylgja lögum og reglum samfélagsins og viðurkenndum viðmiðunum um góða stjórnarhætti og viðskiptasiðferði. Sjóðurinn fjárfestir ekki í fyrirtækjum sem ofbjóða siðferðisvitund almennings með ósanngjarnri framkomu gagnvart starfsfólki s.s. varðandi kjör og stjórnunaraðferðir eða með óhófi í launamálum stjórnenda sem og öðrum rekstrarþáttum. Stjórn tekur afstöðu til slíkra mála sem upp koma og ákveður hvort selja eigi hlut sjóðsins í ljósi þeirra viðbragða sem athugasemdir við óeðlilega starfshætti fá.

Gjafir eru ekki þegar né samþykkt greiðsla annarra á kostnaði vegna starfsmanna eða stjórnarmanna, ef slíkt gefur tilefni til að draga trúverðugleika sjóðsins í efa eða gefur ástæðu til að ætla að það hafi áhrif á ákvarðanir stjórnar eða starfsmanna. Gjafir mega enga fjárhagslega þýðingu hafa fyrir viðtakanda og allar kostnaðargreiðslur, t.d. vegna funda eða kynninga, verða að vera viðeigandi, hóflegar og í eðlilegu samræmi við tilefni og góða viðskiptavenjur.

Stjórn og starfsmenn sjóðsins leitast við í samskiptum sínum við opinbera aðila og eftirlitsstofnanir að skapa traust á sjóðnum á grundvelli þess að lög og reglur eru haldin í heiðri. Virðing er borin fyrir markmiðum og tilgangi laga og í starfsemi sjóðsins er ekki reynt að þræða markalínur þess sem er löglegt. Unnið er með eftirlitsaðilum með eins jákvæðum hætti og kostur er og frumkvæði tekið í samskiptum við þá ef nokkur vafi leikur á því hvort einstakar ákvarðanir eða aðgerðir séu í samræmi við lög og reglur.

Stjórn og starfsmenn Gildis gæta fyllstu fagmennsku í samskiptum við almenning og fjölmiðla. Jafnan skal svara spurningum í samræmi við bestu vitneskju og án nokkurrar tilraunar til þess að villa um fyrir spyrjanda eða misleiða viðkomandi. Ef spurningu er ekki hægt að svara vegna þess að upplýsingar liggja ekki fyrir eða vegna trúnaðar skal það tekið fram með opnum hætti og skýrt út.


Stjórn og starfsmenn hafa metnað fyrir hönd sjóðsins. Í því felst að bera hag hans fyrir brjósti og leggja sig fram um að ná árangri fyrir hans hönd. Stjórn og starfsmenn eru hvattir til að vera málsvarar sjóðsins þegar tækifæri gefst.

Við ráðningu skal kynna siða- og samskiptareglur sjóðsins fyrir starfsmönnum. Sama gildir um stjórnarmenn sem taka sæti í stjórn sjóðsins. Brot starfsmanna á reglum þessum geta varðað áminningu eða uppsögn. Reglur þessar skulu birtar á heimasíðu sjóðsins.





GILDI LÍFEYRISSJÓÐUR - ÁRSREIKNINGUR 2010



EFNISYFIRLIT ÁRSREIKNINGS

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	32
Áritun óháðra endurskoðenda	33
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2010	34
Efnahagsreikningur deilda	35
Sjóðstreymisyfirlit	36
Yfirlit um breytingar á hreinni eign deilda til greiðslu lífeyris fyrir árið 2010	37
Efnahagsreikningur deilda 31. desember 2010	38
Sjóðstreymisyfirlit deilda 2010	39
Skýringar	40

SKÝRSLA OG YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Ársreikningur sjóðsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Á árinu 2010 greiddu samtals 3.955 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins, samtals að fjárhæð 11.284 millj. kr. fyrir 38.206 sjóðfélaga. Sjóðfélagar með réttindi í árslok voru 181.127. Fjöldi rétthafa í séreignardeild sjóðsins var í árslok 35.603.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu alls 7.782 millj. kr. Ellilífeyrir nam 4.657 millj. kr., örorkulífeyrir 2.270 millj. kr., makalífeyrir 571 millj. kr., barnalífeyrir 90 millj. kr. og tímabundnar útgreiðslur séreignarsparnaðar námu 195 millj. kr. Hjá samtryggingardeild var fjöldi ellilífeyrisþega á árinu 10.396, örorkulífeyrisþega 3.986, makalífeyrisþega 1.847 og 1.070 fengu greiddan barnalífeyri. Heildarfjöldi lífeyrisþega var 14.919. Til samanburðar voru lífeyrisgreiðslur á árinu 2009 samtals 7.890 millj. kr.

Starfsmenn sjóðsins voru að meðaltali 23 á árinu og námu heildarlaunagreiðslur 171 millj. kr. Laun stjórnar, endurskoðunarnefndar og framkvæmdastjóra námu 26 millj. kr. á árinu.

Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, samtryggingardeild og séreignardeild. Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris nam 238.485 millj. kr. í árslok 2010 og hækkaði á árinu um 13.640 millj. kr. eða 6,1%. Hrein raunávöxtun á eignum deildarinnar miðað við vísitölu neysluverðs var 1,4%. Hrein eign séreignardeildar til greiðslu lífeyris nam 2.557 millj. kr. í árslok 2010 og hækkaði á árinu um 97 millj. kr. Hrein raunávöxtun séreignardeildar var þannig: Framtíðarsýn I 5,6%, Framtíðarsýn II 6,9% og Framtíðarsýn III 4,2%.

Tryggingafræðileg úttekt var gerð á stöðu samtryggingardeildar sjóðsins miðað við árslok 2010. Samkvæmt henni voru eignir sjóðsins 25.929 millj. kr. lægri en áunnin réttindi sjóðfélaga og 36.295 millj. kr. lægri en heildarskuldbindingar í árslok miðað við 3,5% vexti. Heildarskuldbindingar umfram eignir í árslok 2010 nema því 8,1%. Á ársfundi sjóðsins 2010 voru lífeyrisréttindi skert um 7,0%.

Við fall viðskiptabankanna í október 2008 brustu forsendur afleiðusamninga sem sjóðurinn hafði gert við þá til að takmarka gengisáhættu sína vegna erlendra fjárfestinga. Enn er óvissa um hvort og hvernig gera á upp afleiðusamningana. Sjóðurinn hefur skuldfært 5.218 millj. kr. í ársreikningnum vegna þeirra, en þá hefur verið gert ráð fyrir að kröfum sjóðsins á bankana verði skuldajafnað á móti hluta af þessum samningum. Það sem eftir stendur er fært til skuldar í ársreikningnum.

Það er stefna sjóðsins og hluti af áhættustýringu hans að eiga vel dreift eignasafn, sem ekki byggir eingöngu á íslenska hagkerfinu. Sjóðurinn hefur í samræmi við heimildir í lögum ávaxtað hluta af eignum sínum í erlendum verðbréfum í því skyni að dreifa fjárfestingaráhættu sinni. Fjárfestingar sjóðsins í verðbréfum í erlendum gjaldmiðlum námu í árslok 2010 65.857 millj. kr. og býr sjóðurinn við gengisáhættu sem því nemur. Vegna stöðu fjármálamarkaða hér á landi og gjaldeyrishafta er sjóðnum nú ómögulegt að verjast gengisáhættu með gerð afleiðusamninga.

Reykjavík, 9. mars 2011

Stjórn:

Sigurður Bessason
Guðmundur Ragnarsson
Hermann M. Sigríðarson
Sigurrós Kristinsdóttir

Vilhjálmur Egilsson
Heiðrún Jónsdóttir
Hjörtur Gíslason
Sveinn Hannesson

Framkvæmdastjóri:

Árni Guðmundsson

ÁRITUN ÓHÁÐRA ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og sjóðfélaga Gildis - lífeyrissjóðs.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Gildis - lífeyrissjóðs fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymis-yfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2010, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 9. mars 2011

KPMG hf

Sæmundur Valdimarsson
Hrafnhildur Helgadóttir

YFIRLIT UM BREYTINGAR Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS FYRIR ÁRIÐ 2010

	Skýr.	2010	2009
Iðgjöld:			
Iðgjöld sjóðfélaga		3.645.556	3.526.586
Iðgjöld launagreiðenda		7.638.354	7.398.090
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(57.975)	(84.567)
		<u>11.225.935</u>	<u>10.840.109</u>
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrdi		968.770	965.319
	6	<u>12.194.705</u>	<u>11.805.428</u>
Lífeyrir:			
Lífeyrir	19	7.782.281	7.889.953
Umsjónarnefnd eftirlauna		(14.443)	(17.848)
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		<u>16.732</u>	<u>12.126</u>
	7	<u>7.784.570</u>	<u>7.884.230</u>
Fjárfestingartekjur:			
Tekjur af eignarhlutum	8	309.555	7.564.144
Tekjur af húseign	9	4.191	1.347
Vaxtatekjur og gengismunur	10,20	10.769.871	17.834.130
Niðurfærsla verðbréfa	14,29	(1.329.864)	(10.577.689)
		<u>9.753.753</u>	<u>14.821.931</u>
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:			
Fjárfestingargjöld		162.191	146.452
Rekstrarkostnaður		<u>303.022</u>	<u>271.982</u>
	11,21	<u>465.213</u>	<u>418.435</u>
Aðrar tekjur	12,24	<u>37.625</u>	<u>39.576</u>
Hækkun (lækkun) á hreinni eign á árinu		13.736.300	18.364.271
Hrein eign frá fyrra ári		<u>227.306.405</u>	<u>208.942.134</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	34	<u>241.042.705</u>	<u>227.306.405</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2010

	Skýr.	2010	2009
Fjárfestingar:			
Húseignir og lóðir	13,25	186.036	190.717
Aðrar fjárfestingar:			
Verðbréf með breytilegum tekjum	14,26	74.933.737	79.975.259
Verðbréf með föstum tekjum.....	14,27	135.602.591	120.166.727
Veðlán	14,28	15.394.056	14.406.784
Bundnar bankainnstæður		556.938	12.942.403
Fullnustueignir		62.054	23.749
		<u>226.735.412</u>	<u>227.705.639</u>
Kröfur:			
Kröfur á launagreiðendur	6	1.592.265	1.721.689
Framlag ríkisins vegna jöfnunar á örorkubyrði		968.770	0
Aðrar kröfur		64.617	131.325
		<u>2.625.652</u>	<u>1.853.014</u>
Aðrar eignir:			
Rekstrarfjármunir	13,25	19.915	17.391
Sjóður og veltinnlán		17.472.472	4.994.948
		<u>17.492.387</u>	<u>5.012.339</u>
Eignir samtals		<u>246.853.451</u>	<u>234.570.992</u>
Skuldir:			
Skammtímaskuldir.....	32	5.810.746	7.264.587
Hrein eign til greiðslu lífeyris	34	<u>241.042.705</u>	<u>227.306.405</u>
Skipting á hreinni eign til greiðslu lífeyris:			
Hrein eign samtryggingardeildar		238.485.301	224.845.588
Hrein eign séreignardeildar		2.557.403	2.460.817
Hrein eign til greiðslu lífeyris samtals		<u>241.042.705</u>	<u>227.306.405</u>

SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRIÐ 2010

	2010	2009
Inngreiðslur:		
Löggjöld	11.356.564	11.692.635
Fjárfestingartekjur	4.884.861	6.486.957
Afborganir verðbréfa	11.615.241	9.699.749
Seld verðbréf með breytilegum tekjum	11.202.578	8.760.489
Seld verðbréf með föstum tekjum	14.312.054	9.097.806
Bundin innlán	12.398.391	0
Aðrar inngreiðslur	37.881	39.576
	<u>65.807.571</u>	<u>45.777.212</u>
Útgreiðslur:		
Lífeyrir	7.784.570	7.884.229
Fjárfestingargjöld	162.191	142.940
Rekstrarkostnaður án afskrifta	306.109	265.459
	<u>8.252.870</u>	<u>8.292.628</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og öðrum fjárfestingum	57.554.701	37.484.584
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum	(8.599.986)	(10.468.085)
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum	(34.743.300)	(30.228.183)
Bundin innlán	(12.927)	(10.337.190)
Ný veðlán	(1.720.964)	(690.647)
	<u>(45.077.177)</u>	<u>(51.724.105)</u>
Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánnum	12.477.524	(14.239.521)
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun	4.994.948	19.234.469
Sjóður og veltiinnlán í árslok	<u>17.472.472</u>	<u>4.994.948</u>

YFIRLIT UM BREYTINGAR Á HREINNI EIGN DEILDA TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS FYRIR ÁRIÐ 2010

	Sameignardeild		Séreignardeild, leið I		Séreignardeild, leið II		Séreignardeild, leið III		Samtals	
	2010	2009	2010	2009	2010	2009	2010	2009	2010	2009
Iðgjöld:										
Iðgjöld sjóðfélaga	3.540.449	3.402.971	34.412	43.253	39.575	51.189	31.120	29.174	3.645.556	3.526.586
Iðgjöld launagreiðenda	7.557.055	7.287.706	23.582	31.181	31.105	39.884	26.612	39.319	7.638.354	7.398.090
Réttindaflutningur og endurgreiðslur ..	(47.434)	(53.143)	13.375	(154.067)	(2.313)	(76.996)	(21.603)	199.640	(57.975)	(84.567)
	11.050.070	10.637.534	71.369	(79.633)	68.367	14.076	36.129	268.132	11.225.935	10.840.109
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði	968.770	965.319	0	0	0	0	0	0	968.770	965.319
	12.018.840	11.602.853	71.369	(79.633)	68.367	14.076	36.129	268.132	12.194.705	11.805.428
Lífeyrir:										
Lífeyrir	7.494.422	7.356.974	119.704	181.145	113.305	273.697	54.850	78.136	7.782.281	7.889.953
Umsjónarnefnd eftirlauna	(14.443)	(17.848)	0	0	0	0	0	0	(14.443)	(17.848)
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	16.732	12.126	0	0	0	0	0	0	16.732	12.126
	7.496.711	7.351.251	119.704	181.145	113.305	273.697	54.850	78.136	7.784.570	7.884.230
Fjárfestingartekjur:										
Tekjur af eignarhlutum	293.946	7.544.246	7.659	9.930	7.950	9.968	0	0	309.555	7.564.144
Tekjur af húseign	4.191	1.347	0	0	0	0	0	0	4.191	1.347
Vaxtatekjur og gengismunur	10.534.087	17.414.120	73.393	145.570	123.012	213.397	39.379	61.043	10.769.871	17.834.130
Niðurfærsla verðbréfa	(1.298.647)	(10.450.632)	(15.564)	(20.325)	(15.653)	(106.733)	0	0	(1.329.864)	(10.577.689)
	9.533.577	14.509.081	65.488	135.176	115.309	116.632	39.379	61.043	9.753.753	14.821.931
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:										
Fjárfestingargjöld	158.492	142.687	1.158	1.250	1.651	1.801	890	715	162.191	146.452
Rekstrarkostnaður	294.342	264.989	2.618	2.321	4.170	3.345	1.892	1.327	303.022	271.982
	452.834	407.676	3.776	3.571	5.821	5.146	2.782	2.042	465.213	418.435
Aðrar tekjur	36.841	38.336	276	456	414	669	94	115	37.625	39.576
Hækkun (lækkun)										
á hreinni eign á árinu	13.639.713	18.391.342	13.653	(128.717)	64.964	(147.466)	17.970	249.113	13.736.300	18.364.271
Hrein eign frá fyrra ári	224.845.588	206.454.246	762.846	891.563	1.158.570	1.306.036	539.400	290.288	227.306.405	208.942.134
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	238.485.301	224.845.588	776.499	762.846	1.223.534	1.158.570	557.370	539.400	241.042.705	227.306.405

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

EFNAHAGSREIKNINGUR DEILDA 31. DESEMBER 2010

	Sameignardeild		Séreignardeild, leið I		Séreignardeild, leið II		Séreignardeild, leið III		Samtals	
	2010	2009	2010	2009	2010	2009	2010	2009	2010	2009
Fjárfestingar:										
Húseignir og lóðir	186.036	190.717	0	0	0	0	0	0	186.036	190.717
Aðrar fjárfestingar:										
Verðbréf með breytilegum tekjum	74.310.882	79.424.765	299.472	270.037	323.383	323.383	0	0	74.933.737	79.975.259
Verðbréf með föstum tekjum	134.284.393	118.987.812	472.349	454.030	845.848	845.848	0	0	135.602.591	120.166.727
Veðlán	15.394.056	14.406.784	0	0	0	0	0	0	15.394.056	14.406.784
Bundnar bankainnstæður	0	12.398.391	0	0	0	0	556.938	544.011	556.938	12.942.403
Fullnustu eignir	62.054	23.749	0	0	0	0	0	0	62.054	23.749
	<u>224.237.421</u>	<u>225.432.217</u>	<u>771.821</u>	<u>724.066</u>	<u>1.169.231</u>	<u>1.169.231</u>	<u>556.938</u>	<u>544.011</u>	<u>226.735.412</u>	<u>227.705.639</u>
Kröfur:										
Kröfur á launagreiðendur	1.591.060	1.721.689	0	0	773	773	432	0	1.592.265	1.721.689
Framlag ríkisins vegna jöfnunar á örorkubýgði	968.770	0	0	0	0	0	0	0	968.770	0
Aðrar kröfur	64.617	131.325	0	0	0	0	432	0	64.617	131.325
	<u>2.624.447</u>	<u>1.853.014</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>773</u>	<u>773</u>	<u>432</u>	<u>0</u>	<u>2.625.652</u>	<u>1.853.014</u>
Aðrar eignir:										
Rekstrárfjármunir	19.915	17.391	0	0	0	0	0	0	19.915	17.391
Sjóður og veltinnlán	17.410.470	4.790.371	8.472	43.837	53.530	53.530	0	0	17.472.472	4.994.948
	17.430.385	4.807.762	8.472	43.837	53.530	53.530	0	0	17.492.387	5.012.339
Eignir samtals	<u>244.292.253</u>	<u>232.092.993</u>	<u>780.293</u>	<u>767.903</u>	<u>1.223.534</u>	<u>1.223.534</u>	<u>557.370</u>	<u>544.011</u>	<u>246.853.451</u>	<u>234.570.992</u>
Skuldir:										
Skammtímaskuldir	5.806.952	7.247.404	3.794	5.057	0	0	0	4.611	5.810.746	7.264.587
Hrein eign til greiðslu líffeyris	<u>238.485.301</u>	<u>224.845.588</u>	<u>776.499</u>	<u>762.846</u>	<u>1.223.534</u>	<u>1.223.534</u>	<u>557.370</u>	<u>539.400</u>	<u>241.042.705</u>	<u>227.306.405</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

SJÓÐSTREYMISYFIRLIT DEILDA 2010

	Sameignardeild		Séreignardeild, leið I		Séreignardeild, leið II		Séreignardeild, leið III		Samtals	
	2010	2009	2010	2009	2010	2009	2010	2009	2010	2009
Inngreiðslur:										
Iðgjöld	11.180.699	11.491.865	71.369	(84.530)	68.367	10.911	36.129	274.389	11.356.564	11.692.635
Fjárfestingartekjur	4.763.064	6.421.786	40.666	7.781	42.184	18.256	38.947	39.135	4.884.861	6.486.957
Afborganir verðbréfa	11.508.095	9.609.357	46.423	32.590	60.723	57.802	0	0	11.615.241	9.699.749
Seld verðbréf með breytilegum tekjum	11.196.352	8.704.097	3.113	18.442	3.113	37.950	0	0	11.202.578	8.760.489
Seld verðbréf með föstum tekjum	14.082.828	8.293.624	100.623	376.018	128.603	428.164	0	0	14.312.054	9.097.806
Aðrar inngreiðslur	12.398.391	0	0	0	0	0	0	0	12.398.391	0
	36.841	38.336	276	456	669	669	94	115	37.881	39.576
	65.166.271	44.559.065	262.470	350.757	303.659	553.752	75.170	313.639	65.807.571	45.777.212
Útgreiðslur:										
Lífeyrir	7.496.711.0	7.351.251	119.704	181.145	113.305	273.697	54.850	78.136	7.784.570	7.884.229
Fjárfestingargjöld	158.491.9	139.174	1.158	1.250	1.651	1.801	890	715	162.191	142.940
Rekstrarkostnaður án afskrifta	284.243.1	258.466	3.754	2.321	11.609	3.345	6.503	1.327	306.109	265.459
	7.939.446	7.748.891	124.616	184.716	126.565	278.843	62.243	80.178	8.252.870	8.292.628
Raðstöfunaré til kaupa á verðbréfum og öðrum fjárfestingum	57.226.825	36.810.174	137.854	166.041	177.094	274.909	12.927	233.461	57.554.701	37.484.584
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum	(8.561.866)	(10.429.278)	(19.060)	(19.009)	(19.060)	(19.798)	0	0	(8.599.986)	(10.468.085)
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum	(34.323.896)	(29.939.705)	(154.159)	(130.233)	(265.245)	(158.245)	0	0	(34.743.300)	(30.228.183)
Bundin innlán	0	(10.103.729)	0	0	0	0	(12.927)	(233.461)	(12.927)	(10.337.190)
Ný veðlán	(1.720.964)	(690.647)	0	0	0	0	0	0	(1.720.964)	(690.647)
	(44.606.726)	(51.163.359)	(173.219)	(149.242)	(284.305)	(178.043)	(12.927)	(233.461)	(45.077.177)	(51.724.105)
Hækkun (lækkun) á sjóði og veltinnánum	12.620.099	(14.353.185)	(35.365)	16.799	(107.211)	96.866	0	0	12.477.524	(14.239.521)
Sjóður og veltinnlán í ársbyrjun	4.790.371	19.143.556	43.837	27.038	160.741	63.875	0	0	4.994.948	19.234.469
Sjóður og veltinnlán í árslok	17.410.470	4.790.371	8.472	43.837	53.530	160.741	0	0	17.472.472	4.994.948

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

SKÝRINGAR

Reikningsskilaaðferðir

1. Upplýsingar um lífeyrissjóðinn

Gildi - lífeyrissjóður er með aðsetur að Sættúni 1, Reykjavík. Sjóðurinn er lífeyrissjóður fyrir sjómenn og verkafólk sem aðild á að Eflingu - stéttarfélagi, Sjómannasambandi Íslands, Sjómannafélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi vélstjóra og málmþækimanna, Verkalýðsfélaginu Hlíf, Félagi hársnyrtisveina, Bifreiðastjórafélaginu Sleipni og Landssambandi smábátæigenda.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en því að skráð hlutabréf, hlutdeildarskírteini, afleiðutengd skuldabréf og afleiðusamningar um hlutabréf og gjaldmiðla eru færð á markaðsverði. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í þús. kr.

Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, samtryggingardeild og séreignardeild. Á blaðsíðum 37 - 39 er að finna yfirlit um breytingar á hreinni eign, efnahagsreikning og sjóðstreymisyfirlit deilda sjóðsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri sjóðsins samþykkti ársreikninginn þann 9. mars 2011.

3. Mat og ákvarðanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringum nr. 16 - 17.

4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

5. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok. Rekstrartekjur og rekstrargjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

6. Iðgjöld

Iðgjöld eru tekjufærð eftir skilagreinum sem hafa borist sjóðnum. Jafnframt er áætlað vegna ótilkynnta iðgjalda í árslok og er sú áætlun byggð á skilum á iðgjöldum á undanförunum árum. Ógreidd iðgjöld í árslok, bæði tilkynnt og ótilkynnt, eru eignfærð sem kröfur á launagreiðendur í efnahagsreikningi. Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er hluti af tryggingagjaldi vegna launa og rennur til lækkunar og jöfnunar á örorkubyrði milli lífeyrissjóða.

SKÝRINGAR FRH.

7. Lífeyrir

Undir lífeyri falla lífeyrisgreiðslur sjóðsins, þ.e. ellilífeyrir, makalífeyrir, örorkulífeyrir og barnalífeyrir og greiðslur frá Umsjónarnefnd eftirlauna, en nefndin annast greiðslur til þeirra sem fæddir eru fyrir 1914 og eiga mjög lítil réttindi í almenna lífeyrissjóðakerfinu. Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris er kostnaður við örorkumat og endurhæfingu.

8. Tekjur af eignarhlutum

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi erlendra gjaldmiðla.

9. Tekjur af húseign

Samkvæmt reglum um gerð ársreikninga lífeyrissjóða ber sjóðnum að reikna húsaleigu af eigin afnotum fasteigna og gjaldfæra með öðrum rekstrarkostnaði. Tekjur af fasteign í yfirliti um breytingar á hreinni eign sýnir reiknaða eigin húsaleigu að frádregnum beinum kostnaði við rekstur eignarinnar.

10. Vaxtatekjur og gengismunur

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum, bundnum bankainnistæðum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og veltiinnlánnum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á verði innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina og breyting á markaðsverði afleiðusamninga.

11. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Undir skrifstofu- og stjórnunarkostnað fellur allur kostnaður við rekstur sjóðsins, svo sem laun og launatengd gjöld, rekstur fasteignar og annar rekstrarkostnaður. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

12. Aðrar tekjur

Með öðrum tekjum telst hlutur stéttarféлага sem sjóðurinn annast innheimtu fyrir í rekstrarkostnaði vegna innheimtu iðgjalda og félagsgjalda.

13. Húseignir, lóðir og rekstrarfjármunir

Húseign og rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundruðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma eignanna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteign 50 ár
Rekstrarfjármunir 3 - 10 ár

SKÝRINGAR FRH.

14. Verðbréfaeign

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlána teljast skuldabréfalán með veði í fasteignum.

Skráð verðbréf með breytilegum tekjum eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en óskráð bréf á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði, sé það lægra. Hlutdeildarskírteini og aðrir eignarhlutar í sjóðum um sameiginlegar fjárfestingar eru færðar á markaðsverði hvort sem um er að ræða skráð eða óskráð bréf.

Verðbréf með föstum tekjum eru eignfærð miðað við ávöxtunarkröfu við kaup.

Veðlán eru eignfærð miðað við þá vaxtaviðmiðun sem fram kemur á viðkomandi skuldabréfaláni.

Verðbréfasafn sjóðsins er yfirfarið reglulega til að meta hvort virði óskráðra eigna hafi rýrnað. Við matið eru sérstakar áhættur metnar jafnframt því sem reiknuð er almenn niðurfærsla. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim eignum sem kunna að tapast. Áður en ákvörðun er tekin um færslu virðisrýrnunar þarf að meta hvort hlutlæg gögn gefi til kynna mælanlega lækkun á væntu framtíðarsjóðstreymi frá einstökum verðbréfum eða safni verðbréfa áður en lækkunin verður merkjanleg á einstöku láni í safninu. Þetta geta verið vísbendingar um breytingar á greiðslugetu lántakanda eða efnahagsástandi. Stjórnendur nota mat sem byggir á sögulegri reynslu af eignum með svipuð áhættueinkenni og hlutlæg merki virðisrýrnunar þegar meta skal framtíðarsjóðstreymi.

15. Afleiðusamningar

Lífeyrissjóðurinn hefur gert afleiðusamninga til að takmarka gengisáhættu vegna erlendra fjárfestinga sjóðsins. Þá hefur sjóðurinn gert vaxtaskiptasamninga þar sem vextir af erlendum bréfum eru færðir yfir í íslenska markaðsveiti. Afleiðusamningar eru upphaflega færðir á gangvirði. Eftir upphafs færslu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði gegnum rekstrarreikning meðal fjármagnsliða. Engir afleiðusamningar voru í gildi í árslok 2010.

16. Stýring fjárhagslegrar áhættu

Yfirlit

Stjórn og stjórnendur Gildis - lífeyrissjóðs hafa að undanförunni unnið að því að setja sjóðnum heildstæða áhættustefnu með formlegum hætti. Við þá vinnu hefur sjóðurinn leitað utanaðkomandi sérfræðiaðstoðar. Hér verður gerð grein fyrir helstu áhættum sem sjóðurinn stendur frammi fyrir í daglegri starfsemi.

- Mótaðilaáhætta
- Lausafjárahætta
- Markaðsáhætta
- Vaxtaáhætta
- Gjaldeyrisáhætta

SKÝRINGAR FRH.

16. Stýring fjárhagslegrar áhættu frh.

Hér á eftir eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur sjóðsins, markmið, stefnu og aðferðir hans við að meta og stýra áhættunni. Að auki eru veittar upplýsingar víða í ársreikningnum.

Markmið sjóðsins með áhættustýringu er að setja viðmið um áhættutöku, að uppgötva og greina áhættu sem sjóðurinn býr við, hafa eftirlit með henni og bregðast við ef áhættan verður meiri en heimilt er. Skilvirk áhættustjórnun felur í sér greiningu verulegra áhættuþátta, mælingu áhættunnar og sífellt eftirlit með henni. Grundvöllur áhættustýringar sjóðsins felst í fjárfestingarstefnu hans hverju sinni. Í lögum um starfsemi lífeyrissjóða eru skilgreindar heimildir sjóðsins til fjárfestinga og hámark fjárfestinga í einstökum eignaflokkum. Fjárfestingarstefnan verður að vera innan þeirra marka sem sett eru í lögnum. Stjórn lífeyrissjóðsins ber ábyrgð á henni gagnvart sjóðfélögum. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á áhættustýringu gagnvart stjórn. Hann skilgreinir áhættuviðmið, innan þeirra marka sem stjórn setur, eftir því sem þörf krefur.

Það er stefna stjórnar sjóðsins að fylgst skuli með og reynt að stýra áhættu sem getur haft áhrif á afkomu sjóðsins og hreina eign til greiðslu lífeyris.

Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi sjóðsins ef mótaðili eða viðskiptamaður í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Helsta mótaðilaáhætta sjóðsins verður til við kaup á verðbréfum og með veitingu veðlána. Mótaðilaáhætta fylgir ýmsum öðrum fjáreignum, svo sem kröfum, bankainnstæðum og afleiðusamningum. Fjárhæð mótaðilaáhættu kemur fram í bókfærðu verði eigna í efnahagsreikningi.

Helstu eignir lífeyrissjóðsins eru verðbréf. Það er stefna sjóðsins að kaupa ekki aðeins verðbréf sem fylgir lítil áhætta, heldur er mikilvægt að vænt ávöxtun keyptrra verðbréfa endurspeglir bæði áhættu og kostnað sem þeim fylgir. Þetta táknað að ítarlegt mat á einstökum viðskiptavinum, fjárhagsstöðu þeirra og tryggingum er forsenda fyrir kaupum á verðbréfum.

Sjóðurinn leggur áherslu á vel dreift verðbréfasafn. Stjórn sjóðsins samþykkir fjárfestingarstefnu fyrir hann árlega, en í fjárfestingarstefnunni eru sett viðmiðunarmörk um hámarksáhættu í einstökum fjárfestingum.

Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á að sjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Lífeyrissjóðurinn fylgist með lausafjástöðu sinni með greiningu á gjalddaga fjáreigna til að geta staðið við skuldbindingar sínar á réttum tíma. Sjóðurinn þarf alltaf að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt bæði fyrirsjáanlegum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum. Lausafjárahætta sjóðsins er takmörkuð þar sem iðgjaldtekjur eru að jafnaði hærri en lífeyrisgreiðslur hans og rekstrarkostnaður.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á að breytingar í markaðsverði vaxta, gengis hlutabréfa og erlendra gjaldmiðla hafi áhrif á afkomu sjóðsins og virði fjárfestinga hans. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati sjóðsins miðað við áhættu er hámarkaður. Markaðsáhættu er stýrt með takmörkunum á fjárfestingarheimildum og áhættuviðmiði.

Vaxtaáhætta

Skuldbindingar sjóðsins gagnvart sjóðfélögum eru verðtryggðar og núvartar miðað við fasta verðtryggða vexti. Vaxtaberandi eignir sjóðsins eru ýmist með föstum eða breytilegum vöxtum, verðtryggðar, óverðtryggðar eða gengistryggðar. Stefnt er að því að halda sem bestu jafnvægi milli vaxtaberandi eigna og skuldbindinga. Meðallíftími vaxtaberandi eigna sjóðsins er mun skemmri en skuldbindinga hans, þrátt fyrir að lögð hafi verið áhersla á að fjárfesta í löngum verðtryggðum skuldabréfum. Vaxtaberandi eignir sjóðsins og skuldbindingar hans hafa mismunandi binditíma og því getur myndast bil milli markaðsverðs eigna og skuldbindinga við vaxtabreytingar. Þær breytingar koma ekki fram í ársreikningnum, þar sem vaxtaberandi eignir sjóðsins eru færðar til eignar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu.

Gjaldeyrissáhlætta

Gjaldeyrissáhlætta er hlættan á tapi vegna óhagstæðra hreyfinga á erlendum gjaldmiðlum gagnvart íslensku krónunni. Fylgst er með opinni gjaldeyrisstöðu í hverri mynt. Lífeyrissjóðurinn stefnir að því að takmarka gjaldeyrissáhlættu og fylgst er með henni í samhengi við heildarskuldbindingar sjóðsins.

Samkvæmt lögum um lífeyrissjóði mega gengistryggðar eignir sjóðsins að hámarki nema 50% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Fjárfestingarstefna sjóðsins miðast við að gengistryggðar eignir fari ekki yfir 50%. Skuldbindingar sjóðsins eru í íslenskum krónum og því hefur sjóðurinn haft þá stefnu að draga úr gjaldeyrissáhlættu sinni til að takmarka þær sveiflur sem óhjákvæmlega verða í ávöxtun vegna sveiflna á gengi erlendra gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni.

